Nd. **113. Nefndarálit**

um frv. til laga um framlengingu á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta i sambandi við útflutning undanfarinna ára, sem og fjárlagafrumvarp fyrir 1925, og komist að þeirri niðurstöðu, að hóflega sjeu áætlaðar tekjur af útflutningsgjaldinu með 400000 króna.

Um hitt er hún einnig að mestu sammála, að eigi muni annað fært en að framlengja lög um útflutningsgjald enn þá um eitt ár, þótt sumir nefndarmanna telji það fremur óaðgengilegt. Að meiri hlutanum leggur nefndin því til, að frv. gangi fram óbreytt, en tveir nefndarmanna hafa sjerstöðu í málinu og lýsa henni væntanlega við umræður.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. Sveinn Ólafsson, framsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Jón A. Jónsson. Halldór Stefánsson. Jakob Möller, með fyrirvara. Aug. Flygenring, með fyrirvara.